

# Minnispunktur um stöðu mála vegna sláturúrgangs

Samráðshópur fulltrúa sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Samtaka iðnaðarins og Bændasamtaka um lausn á nýtingu dýraleifa og sláturúrgangs hittist fyrst í árslok 2010. Engar fundarnótur voru teknar á fyrstu fundum hópsins. Hér á eftir birtast fundarnótur sem voru teknar í fyrsta sinn á þriðja fundi samráðshópsins 23. mars 2010.

## Meðferð og nýting sláturúrgangs – 3.fundur

### 23. mars 2011

Farið var stuttlega yfir umræður frá síðasta fundi þar sem UST og MAST ræddu um nýtingu sláturúrgangs.

Farið var yfir feril meðhöndlunar lífræns úrgangs hjá Moltu í Eyjafirði. Molta tekur á móti lífrænum heimilsúrgangi úr þéttbýli og sláturgangi sem fellur undir 3.flokk frá sláturhúsum (vottaður 3. flokks úrgangur). Tekur ekki við urgangi úr sveitum, né frá heimaslátrun.

Áhyggjur MAST lúta að því að í 3. flokk blandist úrgangur úr 1. og 2. flokki sem getur valdið smithættu og útbreiðslu riðu. Leita þarf lausna til að koma í veg fyrir slíkt

Fram kom að það er mismunandi milli svæða hversu mikil áhætta sé á að riðusmitað fé berist til meðhöndlunar. Til eru "hrein" og "nokkuð hrein" svæði en líka mjög stór "riðusvæði" s.s. Norðurland og Suðurland.

Stærsti áhættuþátturinn er flokkun í Sláturhúsi, hér er hægt að útbúa skýra verkferla og haga eftirliti þannig að unnt sé að ná þessu á ásættanlegt form - **Hér þarf MAST og yfirdýralæknir og setja fram þær kröfur sem þeim þykja ásættanlegar og hvernig unnt sé að fylgja þeim eftir.**

Annar áhættuþáttur er söfnun úrgangs í dreifbýli, lífrænn heimilsúrgangur frá sveitum og sláturúrgangur frá heimaslátrun: **Hér þarf að koma samstillt átak Bændasamtaka um fræðslu um hvernig meðhöndla skuli slátur og dýraleifar og koma þeim í viðurkennda farvegi, og sveitarfélaga að tryggja að til sé farvegur, t.d. með uppsetningu sérstakra gámapalla þar sem tekið er á móti slátur og dýraúrgangi úr 1. og 2. flokki, þ.e. sláturúrgangur frá heimaslátrun og dýrahrae (sjálfdaud/veik). MAST vill koma að þessari fræðslu þannig að þeir fái meiri og betri upplýsingar um dýr sem deyja heima á bæjum**

Ofangreind 2 mál þyrfti að leysa sem fyrst þannig að unnt væri að rýmka þær reglur til nýtingar á moltu/kjötmöli sem unnin er úr 3. flokki slátur og dýraúrgangs sbr. reglugerð

Mikilvægt er að til sé farvegur til nýtingar á þeim afurðum sem myndast úr lífrænum úrgangi. Það er ekki ásættanlegt að og ekki skv. markmiðum að lífrænn úrgangur sé urðaður, sérstaklega ekki 3. flokkur sem hæglega ætti að vera hægt að nýta betur.

Framtíðarsýnin væri að til væru skýrir farvegir fyrir sláturúrgang úr öllum flokkum. T.d.

Flokkur 3, molta og kjötmjöl, banna urðun,

Flokkur 2; hægt að meðhöndla (t.d. hitameðhöndlun) og nýta að einhverju leyti annars urðun eða brennsla.

Flokkur 1: á að brenna skv. nýrri reglugerð. Hér þurfa allir að sitja við sama borð, hvar á landinu sem er til að dýrahrae rati í þennan farveg, því dýrt er að flytja hrae um langan veg til brennslu, mögulegt að skilgreina afskekkt svæði og heimila urðun en eins og áður mikilvægt

að allir sitji við sama borð annars er hætt á að dýrahæ sé grafin í stað þess að þau séu meðhöndluð á ábyrgan hátt. .

Það þarf að finna leiðir til að kostnaður sé eins um allt land - Ríkisvaldið þarf að koma að borðinu til að móta stefnu og leggja til pening í verkefnið!

Næsti fundur, taka á feitletruðu punktum hér að ofan, sem og ræða 1. maí 2011! Verður boðaður sem fyrst eftir páska og fá sláturleyfishafa og Bændasamtök með.

## Meðferð og nýting sláturúrgangs – 4.fundur

### 29. apríl 2011

Mætt: Sigríður Kristjánsdóttir og Helgi Jensson frá Umhverfisstofnun, Halldór Runólfsson og Kjartan Hreinsson frá Matvælastofnun, Lúðvík Gústafsson frá Sambandi Sveitarfélaga, Eiður Guðmundsson frá Flokkun í Eyjafirði, Guðmundur Tryggvi frá Sorpsamlagi Suðurlands og Ólafur Dýrmundsson frá Bændasamtökum Íslands. Fundarboð var einnig sent á Sigurð Jóhannesson frá Samtökum sláturleyfishafa en ekki barst svar við fundarboði. Bryndís Skúladóttir frá SI, var einnig upplýst um fundinn.

Farið var yfir umræður á síðasta fundi og þau tvö atriði sem stóðu út af þá og til stóð að ræða. Þau voru:

1. Ræða þarf um flokkun slátur og dýraleifa í sláturhúsum og kjötvinnslum til að tryggja að einungis fari sláturúrgangur úr 3. áhættuflokki í moltu og kjötmjölsgerð.
2. Söfnun úrgangs í dreifbýli, lífrænn úrgangur frá sveitum og sláturúrgangur frá heimaslátrun þannig að til staðar sé tryggur farvegur fyrir slátur og dýraleifar í 1 og 2. áhættuflokki þannig að hann blandist ekki lífrænum úrgangi sem fer til moltu og kjötmjölsgerðar.

1. Halldór taldi að mögulegt væri að útbúa feril þannig að hægt væri að ná utan um þetta af öryggi. Sláturleyfishafar þyrftu að sjá til þess að nægur mannskapur væri til staðar til að tryggja að flokkun sé rétt. Góð samvinna þarf að vera við eftirlitsdýralækni. Kjartan taldi að til væri ferill sem væri hægt að nýta.

Varðandi fullorðið sauðfé sem slátrað er í sláturhúsi og hvernig það fer til kjötvinnslna en umræður voru um hugsanlegt vandamál þegar áhættuvefur berst í kjötvinnslur. Best væri ef mögulegt er að flokka áhættuvef frá strax, þ.e. í sláturhúsi þannig að áhættuvefir fari ekki í kjötvinnslur, t.d. með því að kljúfa skrokka og fjarlægja mænu áður en þeir fara í kjötvinnslur.

Eiður minnti á að sláturleyfishafar sem skila inn dýraleifum til meðhöndlunar í moltugerð þurfa að fylla út viðskiptaskjal þar sem þeir staðfesta að um er að ræða dýraleifar úr 3. áhættuflokki.

Fundurinn ákvað að fela Mast (Kjartan Hreinsson) að hefja samvinnu við sláturleyfishafa til að útbúa verkferla til að tryggja ofangreint.

2. Varðandi sláturleifar frá dreifbýli, þá var fyrst umræða um „Beint frá Býli“ en það þurfa að vera reglur fyrir þann þátt líka. Hér þarf að koma til fræðsla, og farvegur þarf að vera tryggður fyrir slátur og dýraleifar í 1-3. flokkki. Eins var rætt um hvort rétt væri að gera að skyldu að kljúfa skrokka af fullorðnu fé sem væri tekið heim úr sláturhúsum.

Upp kom umræða um heimaslátrun og nýlegan dóm varðandi heimaslátrun í Stykkishólmi. Skerpa þarf á lagaumhverfi, banna þarf heimaslátrun utan lögbýla, athuga með að setja inn texta um að skylt sé að skila inn hausum úr heimaslátrun. Setja þarf ábyrgð á bændur til að ganga frá dýraleifum í 1. og 2. flokki þannig að hann berist ekki með almennum lífrænum heimilisúrgangi. Hér þarf að koma til fræðsla frá t.d. bændasamtökum og skýrir farvegir.

Í nýrri EB-reglugerð um slátur og dýraleifar er skylt að brenna slátur og dýraleifar í áhættuflokki 1, áætlað er að frá hverjum lambskrokki sem slátrað er komi um 500 gr. af áhættuvef + haus. Þegar ný reglugerð tekur gildi verður skylt að brenna þessu, hér sitja ekki öll svæði við sama borð og því þyrfti að jafna þessar aðstæður, Guðmundur Tryggvi minntist á að mögulegt væri að koma á einhverskonar flutningsjöfnun á það sem þarf að fara til brennslu um langan veg. Einnig kom upp umræða um færanlegan brennslugám sem gufaði upp í efnahagshruninu en mikilvægt væri að koma því af stað aftur að fá slíkan gám til landsins. Í afskekktari byggðum væri þá hægt að koma upp

frystigámum þar sem áhættuvefur væri geymdur þar til hann væri brenndur í færanlegum brennsluofni.

Í reglugerðinni er einnig ákvæði þar sem heimilt er að urða áhættuvefi í afskekkttri byggð, þetta ákvæði þarf að skoðast í samhengi við ákvæði um afskekktta byggð í urðunarreglugerðinni.

Fundurinn var sammála um að 3. áhættuflokk ætti að nýta en ekki urða.

Varðandi 2. flokk þá þarf að skýra betur hvernig meðhöndlun hans eigi að vera og hér þurfa sveitarfélögin að koma til. Í 2. áhættuflokk flokkast m.a, sjálf dauð dýr eða dýr sem hefur verið lógað og ekki eru ætluð til manneldis. Hér þyrfti að skoða hversu mikið magn af þessum flokki safnast á ári og hugsanlega þyrfti að koma inn krafa um reglbundna hirðu á sjálf dauðum dýrum (samstarf MAST og SÍS - Hægt að nýta upplýsingar úr Búfjárskráningarkerfi). Rætt var um hvaðan slík krafa ætti að koma, er hún á grundvelli sjúkdómavarna eða úr úrgangslöggjöf. Fundurinn fól Lúðvík að koma af stað vinnu við að setja upp kerfi sem sveitarfélögin geta sameinast um í samstarfi við MAST þannig að meðhöndlun á 2. áhættuflokki verði samræmd um landið.

Í lok fundar var rætt hið svokallaða 10 ára ákvæði en Halldór var óánægður með að gildistöku þess hefði verið frestað þar sem vinnu þessa hóps væri ekki lokið, enn ætti eftir að tryggja að áhættuvefir úr Sauðfé geti borist í moltu og kjötmjölsverksmiðjur. Lúðvík lýsti því yfir að það væri afstaða Sambands Íslenskra Sveitarfélaga að þetta ákvæði ætti ekki að vera inni í reglugerð.

Ákveðið var að halda nýjan fund í hópnum þann 1. júní n.k. kl. 13.00 þar sem farið verður yfir eftirfarandi atriði:

1. Samstarf MAST við sláturleyfishafa um verkferla sbr. lið 1 hér að ofan – Kjartan Hreinsson er ábyrgðaraðili
2. Afskekkt byggð í urðunarreglugerð vs. remote areas í EB reglugerð um slátur og dýraleifar – UST er ábyrgðaraðili
3. Meðhöndlun slátur og dýraleifa í 2. flokki - samræmt kerfi á landsvísu – Lúðvík er ábyrgðaraðili

## Meðferð og nýting sláturúrgangs – 5.fundur,

### 1. júní 2011

Mætt: Sigríður Kristjánsdóttir og Helgi Jensson frá Umhverfisstofnun, Halldór Runólfsson og Kjartan Hreinsson frá Matvælastofnun, Lúðvík Gústafsson frá Sambandi Sveitarfélaga, Eiður Guðmundsson frá Flokkun í Eyjafirði, Guðmundur Tryggvi frá Sorpsamlagi Suðurlands, Ólafur Dýrmundsson frá Bændasamtökum Íslands og Sigurður Jóhannesson frá Samtökum sláturleyfishafa.

Skv. fundargerð síðasta fundar voru eftirfarandi dagskrárliðir til umræðu á fundinum.

1. Samstarf MAST við sláturleyfishafa um verkferla sbr. lið 1 hér að ofan – Kjartan Hreinsson er ábyrgðaraðili
2. Afskekkt byggð í urðunarreglugerð vs. remote areas í EB reglugerð um slátur og dýraleifar – UST er ábyrgðaraðili
3. Meðhöndlun slátur og dýraleifa í 2. flokki - samræmt kerfi á landsvísu – Lúðvík er ábyrgðaraðili

1. Kjartan Hreinsson gerði grein fyrir samstarfi MAST við sláturleyfishafa. Markmiðið er að ná utan um riðusmítefni í sláturhúsum. Almenn er haldið vel utan um þetta í sláturhúsum nema hvað varðar mænu í fullorðnu fé sem fer í heimtöku og í kjötvinnslur. Kjartan hefur rætt við forsvarsmenn sláturhús SS, KS og á Hvammstanga í síma, áætlað er að um 7-1400 skrokkar séu heimteknir frá hverju sláturhúsi. Einn möguleiki væri að kljúfa hrygg frá fullorðnum dýrum og hreinsa mænu frá. Almenn voru Sláturhússtjórar jákvæðir gagnkvart hugmyndinni en þurfa skýr fyrirmæli frá Matvælastofnun um að vefir eins og mæna úr fullorðnu fari ekki út úr sláturhúsum. Sigurður Jóhannesson fannst hugmyndin um að kljúfa fullorðna skrokka til að fjarlægja mænu vera slæma og sóðaskapur myndi fylgja slíku vinnulagi sem og að mögulegt riðusmítefni úr mænu myndi smyrjast á beinin.

Guðmundur Tryggvi minnti á að nautgripir í Evrópu eru ávallt klofnir í tvennt þannig að þetta er ekki ný hugmynd.

Tryggja þarf að moltugerðir fái tryggt hráefni þannig að það orðspor fari af vörum frá þeim að þær séu öruggar. Eiður tók fram að Molta í Eyjafirði fær viðskiptaskjal frá Sláturhúsum um að eingöngu sé um að ræða sláturúrgang úr þriðja flokki og einnig fer fram sjónrænt mat áður en vinnsla hefst. Aðrar mögulegar leiðir væri að úrbeina hryggi sem fara í heimtöku eða saga sitt hvoru megin við mænu og fjarlægja hana.

Lagt var til að Sigurður J og Kjartna Hreinsson myndu vinna að því að leggja til lausnir á ofangreindu sem virka fyrir næsta fund. Í framhaldinu kæmu fyrirmæli frá MAST um að nota eigi slíka aðferð þannig að það verði samræmt um landið hvernig hryggir frá fullorðnu fé eru meðhöndlaðir.

Gefa þarf út verklagsreglur til kjötvinnslna um meðhöndlun á hrygg á fullorðnu fé, eða jafnvel koma í veg fyrir að kjötvinnslur fái heila hryggi til vinnslu.

2. Í lögum um meðhöndlun úrgangs eru afskekktar byggðir skilgreindar á eftirfarandi hátt: Afskekkt byggð: *landsvæði þar sem íbúar í hverju sveitarfélagi eða byggð eru ekki fleiri en 500 og íbúar á ferkílómetra ekki fleiri en fimm og fjarlægð til næsta þéttbýlisstaðar, þar sem íbúar eru minnst 250 á ferkílómetra, er ekki undir 50 kílómetrum eða þar sem vegasamgöngur til næsta þéttbýlisstaðar eru torveldar hluta ársins sakir erfiðra veðurskilyrða.* Urðunarstaðir í afskekktum byggðum geta fengið undanþágur frá kröfum reglugerðar sbr. 26. grein í reglugerð um urðun úrgangs. Slíkar undanþágur eru háðar því að urðunarstaðurinn hafi eingöngu tekið við heimilis- og rekstrarúrgangi eða óvirkum úrgangi á viðkomandi urðunarstað og eingöngu frá byggðinni sjálfri.

Koma þarf fram í starfsleyfi urðunarstaða hvort þeir séu í afskekktum byggðum. Enn sem komið er hefur einungis einn urðunarstaður á Íslandi slík ákvæði í sínu leyfi en það er urðunarstaður við Uxafótarlæk í Mýrdalshreppi. Urðunarstaður við Hólmavík hefur einnig sótt um slíka undanþágu en starfsleyfi er ekki frá gengið. Aðrir Urðunarstaðir sem mögulega geta sótt um að vera taldir vera í afskekktum byggðum eru t.d. á Vopnafirði og Kópaskeri.

Eftirfarandi má finna um remote areas í aðfararorðum fyrir reglugerð 1069/2009/EB:

*(50) Burial and burning of animal by-products, in particular of dead animals may be justified in specific situations, in particular in remote areas, or in disease control situations requiring the emergency disposal of the animals killed as a measure to control an outbreak of a serious transmissible disease. In particular, disposal on site should be allowed under special circumstances, since the available rendering or incinerator capacity within a region or a Member State could otherwise be a limiting factor in the control of a disease.*

*(51) The current derogation concerning burial and burning of animal by-products should be extended to areas where access is not practically possible or presents a risk to the health and safety of the collection personnel. Experience gained with the application of Regulation (EC) No 1774/2002 and with natural disasters such as forest fires and floods in certain Member States has shown that under such exceptional circumstances, disposal by burial or burning on site can be justified so as to ensure the swift disposal of animals and to avoid the propagation of disease risks. The overall size of remote areas in a Member State should be limited, on the basis of the experience gained with the application of Regulation (EC) No 999/2001 so as to ensure that the general obligation to have in place a proper disposal system which complies with the rules laid down in this Regulation is fulfilled.*

**Skilgreining** á remote areas skv. 1069/2009/EB er svohljóðandi

*'remote area' means an area where the animal population is so small, and where disposal establishments or plants are so far away that the arrangements necessary for the collection and transport of animal by-products would be unacceptably onerous compared to local disposal.*

Lögfræðingar UST, MAST og Sambands Sveitarfélaga þurf að fara yfir þessar skilgreiningar, hvað felst í þeim og hvaða þýðingu þessi skilgreining gæti þetta haft hér á landi. Skoða þarf hvernig nýta megi undanþágur til urðunar á sláturúrgangi og dýrahæjum í afskekktum byggðum. Þó er ekki ásættanlegt að urða mikið af sláturúrgangi á urðunarstöðum sem hafa fengið undanþágur og ekki uppfylla ítrustu kröfur reglugerða um mengunarvarnir, sbr. afskekktar byggðir.

Víktor lögfræðingi MAST, var falið að leiða málið og kalla til lögfræðinga frá Umhverfisstofnun og Sambandi Sveitarfélaga.

**3.** Rætt var um kerfi til söfnunar á dýrahæjum í 2. flokki en enn á eftir að útfæra betur slíkt kerfi. Lúðvík tók fram að helsta vandamálið við uppsetningu á slíku kerfi væri kostnaður en meðhöndlun er alltaf að verða dýrari með hertari kröfum. Til eru ágætis fyrirmyndir að svona söfnunarkerfi úr Eyjafirði en þar tekur sveitarfélagið kostnaðinn að mestu á sig sem er ekki í samræmi við að úrgangshafi eigi að borga. Það að það kostar að losa sig við dýrahæ veldur því að hræin fara ekki inn í úrgangskerfið og hér þarf að finna lausnir. Eins þarf kostnaður við svona kerfi, og förgun hræja að vera samræmdur um landið.

Koma þarf á kerfi sem skylda úrgangshafa til að koma dýrahæjum í forsvarslega förgun. Hér væri mögulegt að nýta eftirlitakerfi með búfjárhaldi sem MAST vinnur að, en gagnagrunnur þessi gerir eftirlitsaðilum kleift að fylgjast með og halda utan um fjölda dýra sem skráð eru í kerfinu og hvernig þau eru útskráð (í sláturhús, sjálfdaud). Skoða þarf eftirlit og viðurlög og mögulega tengingu við styrkjakerfi Landbúnaðarins.

Forsvarsmenn landbúnaðarins þurfa líka að auka fræðslu um farvegi fyrir sjálfdaud dýr, það er mikils virði fyrir landbúnaðinn að kerfi sem þessi virki vel.

Nokkur umræða fór fram um svokallaðan færanlegan brennslugám sem dagaði upp í hruninu. Spurt var hvort það gæti verið lausn að safna saman sláturúrgangi sem þarf að fara í brennslu, í kæli/frystigámum sem væri síðan brenndur í færanlegum brennsluofni sem myndi færast milli staða. Sigurður Jóhannesson benti á að slík lausn væri ekki sérstaklega fýsileg þar sem henni myndi óhjákvæmilega fylgja lykt og óþrifnaður. Þó voru menn almennt sammála um að svona brennslugámur hlyti að vera hluti af lausn.

Fundurinn samþykkti að fela stofnunum það hlutverk að senda bréf til að reyna að endurvekja beiðni um færanlegan brennsluofn. Helgi og Halldór finna til bréf sem send voru á sínum tíma og koma með á næsta fund. Fundurinn felur síðan stofnunum að senda bréf til ráðherra til að reyna að koma málinu af stað aftur.

**Næsti fundur 16. ágúst kl. 13-14.30**

### **Til skoðunar fyrir næsta fund:**

Kerfi til meðhöndlunar á skrokkum á fullorðnu fé (sjá liður 1). Ábyrgðarmenn: Kjartan og Sigurður J. Bréf vegna brennsluofns: Ábyrgðarmenn Helgi J. og Halldór R.

Afskekkt byggð / Remote areas: skýrsla um stöðu mála ef mögulegt. Ábyrgðarmaður Viktor (MAST) Taka saman yfirlilt yfir þau sveitarfélög/landshluta sem eru með kerfi fyrir sjálfdaud dýr og dýrahæ. upplýsingar úr Eyjafirði (Eiður ?), upplýsingar frá Sv. landi (Guðmundur Tryggvi ?). Gott væri að fá upplýsingar fyrir næsta fund. Ábyrgðarmaður: Lúðvík

Hvert er sláturúrgangur að fara í dag, á hvaða urðunarstaði og uppfylla þeir kröfur. Sigríður K. athugar hvort hægt sé að fá upplýsingar um magn sláturúrgangs og meðhöndlun út úr magntölum úrgangs og þróunina. Til umræðu á fundinum!

Er mögulegt að bera saman aðstöðu milli landshluta – er hægt að útbúa einfalda spurningalista f. sláturhús til að fá upplýsingar um nýtingarhlutfall slátraðra dýra? Gæti fundurinn útfært þessa hugmynd nánar?

Er krafa til staðar á Sveitarfélögum að safna sérstaklega sjálfdaudum dýrum, þarf að koma til slík krafa eða geta sveitarfélög sett sér einhversskonar samþykktir. Til umræðu á fundinum.

## Meðferð og nýting sláturúrgangs – 6. Fundur,

### 16. ágúst 2011

Mætt: Sigríður Kristjánsdóttir og Helgi Jensson frá Umhverfisstofnun, Kjartan Hreinsson frá Matvælastofnun, Lúðvík Gústafsson frá sambandi íslenskra sveitarfélaga, Eiður Guðmundsson frá Flokkun, Guðmundur Tryggvi frá sorpstöð Suðurlands, Ólafur Dýrmundsson frá bændasamtökum, Bryndís Skúladóttir frá SI (í stað Sigurðar Jóhannessonar), Halldór Runólfsson boðaði forföll.

Skv. Fundargerð 5. Fundar voru eftirfarandi mál til umræðu á fundinum:

- Kerfi til meðhöndlunar á skrokkum á fullorðnu fé (sjá liður 1). Ábyrgðarmenn: Kjartan og Sigurður J.
- Bréf vegna brennsluofns: Ábyrgðarmenn Helgi J. og Halldór R.
- Afskekkt byggð / Remote areas: skýrsla um stöðu mála ef mögulegt. Ábyrgðarmaður Viktor (MAST) **Frestað**
- Taka saman yfirlit yfir þau sveitarfélög/landshluta sem eru með kerfi fyrir sjálfdaud dýr og dýrahæ. upplýsingar úr Eyjafirði (Eiður ?), upplýsingar frá Sv. landi (Guðmundur Tryggvi ?). Gott væri að fá upplýsingar fyrir næsta fund. Ábyrgðarmaður: Lúðvík
- Er mögulegt að bera saman aðstöðu milli landshluta – er hægt að útbúa einfalda spurningalista f. sláturhús til að fá upplýsingar um nýtingarhlutfall slátraðra dýra? Gæti fundurinn útfært þessa hugmynd nánar?
- Er krafa til staðar á Sveitarfélögum að safna sérstaklega sjálfdaudum dýrum, þarf að koma til slíkr krafa eða geta sveitarfélög sett sér einhvers konar samþykktir. Til umræðu á fundinum.

Ekki var farið skipulega í umræðuefnin en fundarritari hefur tekið saman það helsta sem kom fram:

#### 1. Áhættuvefir frá Sláturhúsum:

Á síðasta fundi voru Kjartani og Sigurði falið að finna lausnir að því hvernig hægt væri að ná utan um áhættuvefi strax í sláturhúsi. Kjartan upplýsti fundinn um að lausnin væri fundin. Sláturleyfishafar munu leysa hver á sinn hátt hvernig eigi að taka mænu úr fullorðnu fé í sínu sláturhúsi, geta verið mismunandi útfærslur. Skilgreining á áhættuvefjum í reglugerð 820/2010 er skilgreining á áhættuvefjum og er mæna úr fullorðnu fé þar. Í reglugerðinni segir ennfremur að fjarlægja skuli mænu úr fullorðnu fé við slátrun. Því þarf ekki að breyta reglugerð til að skylda sláturhús að fjarlægja mænuna. MAST mun senda bréf til sláturleyfishafa til að minna á hvernig meðhöndla skuli áhættuvefinn í samræmi við reglugerð.

Frá sláturhúsum hafa þessir vefir verið sendir til brennslu eða urðunar. Engir áhættuvefir ættu því að berast úr sláturhúsum.

#### 2. Varðandi heimaslátrun og eldhúsúrgang úr dreifbýli:

Enn er þó vandamál með heimaslátrun. Skráningakerfi í landbúnaði gefur mönnum kleift að sjá fjölda búfjár og hvað verður um það. Sjá má fyrir sér að í framtíðinni verði hægt að nýta skráningarkerfi í landbúnaði til að sjá fjölda búfjár og hvað verður um það. Þannig verði hægt verði að sjá hvort bóndi skili ekki inn búfénaði til slátrunar.

Umræða fór fram á fundinum um hvernig við náum utan um hvað verður um úrgang frá heimaslátrun sem og dýrahæ því ef við náum utan um áhættuvefina verður hægt að nýta moltu án takmarkana.

Hversu verðmæt er heimaslátrun? Ólafur Dýrmundsson gerði grein fyrir tveimurr ástæðum, betra kjöt og sláturhús orðin færri, t.d. ekkert á Vestfjarðakjálkanum og frá Hornafirði til Vopnafjarðar. Einnig kostnaður við slátrun.

Hann vildi einnig meina að eftirlit með heimaslátrun væri í lágmarki. Ef þú ert með leyfi til búfjárhalds í þéttbýli þá ættu reglur samfélagsins að gilda og afurðir ættu að fara í sláturhús. Æskilegt væri að setja upp eftirlitskerfi en lítið virðist vera fylgst með. Ólafur D lagði til að bornar væru reglulega saman sláturskýrslur og forðagæsluskýrslur og þá væri auðvelt að sjá hverjir væru að slátra heima. Þessum aðilum væri síðan hægt að senda bréf.

Sú skoðun kom fram að svokallaður Stykkishólmsdómur geri kerfið galopið. Það þarf að breyta lögum til að þrengja kerfið og auka eftirlit. Má aðeins slátra til heimilisnota skv. reglugerð. Það þarf að koma böndum á þá sem mega slátra heima.

Leiðbeiningar er þörf fyrir þá sem slátra heima þannig að bein fari ekki í kjötmjölvinnskur og moltugerðir.

Aðilar sem sjá um Sorpflokkunarkerfi í dreifbýli ættu að setja fram einfaldar leiðbeiningar: Ekki setja bein af sauðfé í brúnar tunnur. Sú skoðun kom fram að slíkar reglur ættu að gilda yfir allt, líka í þéttbýlinu.

Einnig mætti hugsa sér að birta auglýsingar og hvetja til herferðar frá þeim sem safna sláturúrgangi um hvernig skuli flokka í það sem má fara í jarðgerð og moltu. T.d. að ekki setja bein af sauðfé.

Einnig mætti hugsa sér beina kynningu til heimila í dreifbýli og þéttbýli varðandi úrgang frá heimaslátrun. Bein úr sauðfé, veturgamalt eða eldra fari ekki jarðgerðartunnur.

### **3. Söfnunarkerfi fyrir sláturúrgang hjá sveitarfélögum:**

Varðandi söfnunarkerfi víða um land, þá er það þannig að þessi úrgangur er í raun ekki til sem sér úrgangur, heldur fer hann í almennan heimilsúrgang.

Sérstakt kerfi til söfnunar á dýrahæjum og úrgangi frá heimaslátrun er til staðar á Eyjafjarðasvæðinu, Skagafirði og á Suðurlandi, þau eru rekinn af sveitarfélögum og þau bera kostnað af því kerfi.

Þar sem svona söfnunarkerfi eru til staðar þá er misjafnt hvað kostar að setja í gámana, Dalvík rukkar fyrir og lítið kemur í þá gáma. Ekkert kostar á Eyjafjarðasvæði og Suðurlandi og þar kemur þessi úrgangur í gáma.

Á fundinum kom fram að krafa á sveitarfélagið um að bjóða upp á þessa þjónustu þýðir aukinn kostnað. Kostnaður fyrir úrgangshafa þýðir að þessi úrgangur kemur ekki inn aftur. Það kom fram sú skoðun að rukka á öðru stigi, t.d. borga úrvinnslugjald í tengslum við leyfi til búfjárhalds.

Einhverskonar úrvinnslugjaldskerfi, yfirlit yfir búfé, borgar úrvinnslugjald pr. grip og búfjáreigandi fær endurgreitt ef kemur í sláturhús. Ólafur Dýrmundsson frá BÍ gerði aths. við þessa tilhögun, sagði að þetta þyrfti að skoða mjög vel svo ekki leggist mikill aukakostnaður á bændur.

Bjóða þarf út skipulagða söfnun á stærrri svæðum, sérstaklega yfir hlýrri mánuði. Útfæra þarf hvernig hægt er að koma upp svona söfnunarkerfi, unnið er að yfirliti sem gæti gefið hugmyndir um hvað er að virka best.

Áhættuvefir eru að fara í urðun og brennslu, mism. eftir svæðum.

Unnið er að yfirliti yfir þær leiðir sem eru í gangi, Lúðvík mun greina frá þessu á næsta fundi.

### **4. Bann við urðun á lífrænum úrgangi**

Almennt er hópurrinn sammála um að setja þurfi reglur þar sem bannað að urða sláturúrgang í flokki 3. Slíkt bann þarf að ganga í takt varðandi nýtingu og smitvarnir, landbúnaðarráðuneyti og umhverfisráðuneyti þurfa að vera sammála um útfærslur.

Lífrænn heimilsúrgangur flokkast sem sláturúrgangur í 3. Flokki.

Varðandi ósk Halldórs um yfirlit yfir jarðgerðarstöðvar þá er Lúðvík að vinna að yfirliti sem ætti að gefa þessar upplýsingar. Yfirlit hugsanlega tilbúið um mánaðarmót ágúst/september.

Bann við urðun á ómeðhöndluðum sláturúrgangi – mikilvægt mál, endurvinnsla er í samkeppni við urðunarstaði. UMH hefur gefið út að það sé vilji til að takmarka urðun. Kom upp sú ósk frá sveitarfélögum um að gefið verði út hvenær slíkt bann geti tekið gildi.

Hvað er ómeðhöndlaður sláturúrgangur? Þörf á betri skilgreiningu á þessu.

Ef bannað verður að urða flokk 3, stækkar þá 2. flokkur?

Ekki hægt að banna nema infrastrúktur sé til staðar! Þarf að undirbúa og fjármagna kerfi.

#### **5. Nýtingafrestur og önnur opin mál:**

Hópurinn er nú búin að hittast 6 sinnum og komið er að því að ljúka málinu með frestinn – erum við komin þangað?

Spurningar sem vöknudú: Hvað kemur í framhaldinu af 820/2010, þá kemur 1774 til framkvæmda, hvað þýðir það?

Varðandi nýtingu á moltu þá segir í EB reglugerð 1069/2009 að löndin í sett sér sínar reglur um takmarkanir á nýtingu – Kjartani fannst líklegt að 21 dagar sem tilgreindur er í reglugerð verði 30-40 dagar á Íslandi t.d. sambærilegt við Noreg eða önnur nágrannalönd. Hægt að nota afurðir á tún og garða og ákveðinn uppskerufrestur tilgreindur. Hvert og eitt sveitarfélag getur síðan sjálft ákveðið hvort nota megi moltu innan þess. Sum sveitarfélög eru t.d. mjög á móti notkun á slíkum afurðum.

Breytist eitthvað við gildistöku reglugerðar 1069? Skoða þarf kerfið í ljósi ákvæða í reglugerð nr.

1069 þ.e. varðandi 1. og 2. Flokk. Samvinna þarf að vera milli UMH og LSR og stofnana þeirra.

Er hægt að taka upp einhverskonar flutningsjöfnun þegar kemur að því að skylt verði að brenna allt í 1. Flokki. Verður hægt að urða 1. Flokk áfram (undanþágur?)

#### **6. Brennslugámur:**

Samþykkt var að UST og MAST sendi bréf á ráðherra varðandi brennslugám, sameiginlegt bréf frá UST og MAST, samrit á ráðherra. Helgi Jensson tekur að sér að semja bréf fyrir næsta fund.

**Umhverfisstofnun er með til skoðunar að sækja um svokallaðan IPA styrk til að kaupa slíkan ofn!**

#### **Næsti fundur:**

Ræða þarf eftirfarandi atriði:

- Hvað gerist í nóvember? Byrjað verður strax að flokka og skilja í sundur í sláturhúsum. Ekki þarf að hafa áhyggjur af þessum þætti.
- Vandamálið er meira söfnun og förgun á dýrahæjum og það sem kemur úr dreifbýli. Fara yfir yfirlit varðandi söfnunarkerfi í sveitarfélögum, endurvinnslu og jarðgerðir sem Lúðvík og co. eru að vinna að
- Nýtingarákvæðin - Ráðuneytin munu hittast fyrir næsta fund og því getur legið fyrir næsta fundi upplýsingar varðandi nýtingarákvæðin.
- Hvað þurfum við til að bann við sláturúrgangi geti tekið gildi?
- Önnur útistandi mál og umræður sbr. þessi fundargerð?
- Næstu skref?

Næsti fundur: 23. September kl. 13.00

## Meðferð og nýting sláturúrgangs – 7. Fundur,

30. sep. 2011

Mætt voru: Sigríður Kristjánsdóttir, Umhverfisstofnun, Bryndís Skúladóttir frá SI, Guðmundur Tryggvi frá Sorpstöð Suðurlands, Eiður Guðmundsson frá Flokkun, Lúðvík E. Gústafsson frá SÍS, Halldór Runólfsson frá MAST og Ólafur Dýrmundsson frá BÍ.

Fyrir fundinum lágu nokkur fundarefni sbr. fundargerð 6. Fundar, ákveðið var að megináhersla yrði að fara yfir það sem stendur út af borðinu vegna nýtingarákvæða og tillögur hópsins vegna þeirra.

- *Hvað gerist í nóvember? Byrjað verður strax að flokka og skilja í sundur í sláturhúsum. Ekki þarf að hafa áhyggjur af þessum þætti. Vandamálið er meira söfnun og förgun á dýrahæjum og það sem kemur úr dreifbýli.*

Hópurinn er búinn að semja verklagsreglur varðandi áhættuvefi frá sláturhúsum og MAST hefur sent bréf þessa efnis á alla sláturleyfishafa. Stunda þarf gott eftirlit með þessu en það er mat hópsins að við höfum náð töluvert langt í að koma í veg fyrir að áhættuvefir berist í kjötmjöls og jarðgerðarstöðvar frá sláturhúsum.

Helsta vandamálið sem fast þarf við er heimaslátrun og áhættuvefir frá henni – söfnun á úrgangi úr dreifbýli.

Halldór upplýsti í þessu samhengi um heimsókn sína og Valgeirs frá MAST, á jarðgerðastöð á vegum Ísl. Gámafélagsins á Selfossi. Þar er safnað í brúnar tunnur lífrænum heimilisúrgangi úr eldhúsum, í slíkar tunnur gætu komið áhættuvefir, s.s. mæna úr fullorðnu fé (heilir hryggir). Hér þarf að koma til fræðsla fyrir almenning.

**Lausn:** Útbúa upplýsingabækling/upplýsingar fyrir heimasíðu/upplýsingar fyrir fjölmiðla um áhættuvefi þar sem komi fram hvatning um að bein úr fullorðnu fé fari ekki í brúnu tunnuna. Rætt var um farveg fyrir slíkar upplýsingar og ákveðið var að Lúðvík, MAST og Ólafur frá BÍ myndi ritnefnd sem útbúi efni sem fari annars vegar beint inn á heimilin í samvinnu við þá sem safna lífrænum úrgangi, einnig á heimasíður stofnana og sveitarfélaga, í bændablaðið og á sem flesta miðla. Almennt hefur fólk skilning á þörfinni á að takmarka þessa hringrás til að koma í veg fyrir riðu.

**Farið verður yfir framvindu þessa máls á næsta fundi, gott ef efni til að setja á heimasíður væru að verða tilbúnar þá!**

Varðandi heimsókn MAST á jarðgerðastöð á Selfossi þá kom þar í ljós að sú stöð hefur ekki náð nægilega góðum tókum á jarðgerðinni, ná ekki upp hita og smækka ekki afurðina. Eins er stöðin ekki að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir s.s. aðgengi(girðingar), bundið slitlag sem undirlag og þ.h. Samskonar stöðvar eru á Stykkishólmi, Egilsstöðum og fleiri stöðum. Ef þessar stöðvar taka við dýraúrgangi, þ.e. lífrænum heimilisúrgangi þá þurfa þær rekstrarleyfi frá MAST. Hér þurfa heilbrigðiseftirlitssvæðin og MAST að vinna betur saman. HES gefur út starfsleyfi fyrir jarðgerðarstöðvar, Lúðvík tók fram að hann er að vinna að yfirliti yfir alla meðhöndlun úrgangs sem fær starfsleyfi frá HES, slíkt yfirlit verður tilbúið fyrir næsta fund.

MAST og heilbrigðisnefndir þurfa að samræma ferli fyrir starfsleyfi fyrir jarðgerðarstöðvar, setja þarf skilyrði um afgirt svæði, meindýravarnir, þétt yfirborð og þ.h. í starfsleyfi. Er hægt að setja skýrari ákvæði í reglugerð um skilyrði til starfsleyfi? Átak þarf til og Heilbrigðiseftirlit Sveitarfélaga

og Matvælastofnun þurfa að koma sér saman um hvernig sé best að þetta sé gert á sem réttastan hátt.

Sú tillaga kom fram á fundinum að þær stöðvar sem uppfylla skilyrði MAST til rekstrar ættu að fá heimildir til að nýta moltu án takmarkana (þó 21-40 daga frestur). Þeir sem ekki uppfylla skilyrði til að fá rekstrarleyfi geti ekki sett sína moltu á almennan markað.

Tvær endurvinnslustöðvar með rekstrarleyfi frá MAST, Molta í Eyjafirði og Orkustöðin á Suðurlandi.

Setja þarf upp átak og forgangsraða eftirliti með rekstri jarðgerðastöðva. Samvinna milli HES og MAST. Lagt var til að þessi mál yrðu rædd á næsta Haustfundi HES/MAST/UST sem verður 19-20. Október. Taka þarf betur á að HES gefi ekki út starfsleyfi nema rekstrarleyfi frá MAST komi einnig til eða að nán samvinna sé á milli aðila.

Á fundinum kom einnig fram sú umræða hvort það væri til bóta að Heilbrigðiseftirlit tæki yfir eftirlit með Jarðgerðastöðvum? Ekki fékkst afgerandi niðurstaða hvað það varðar en almennt voru menn sammála um að HES og MAST gætu unnið betur saman að málunum.

Almennt þarf að upplýsa sveitarfélög um hvernig málum er háttað: Ef fyrirtæki eru ekki með rekstarleyfi þá má ekki nota moltuna og þá er þetta **ekki** endurvinnsla! Sveitarfélög eru að kaupa þjónustu í dag sem er „ólögleg“ þ.e. jarðgerðir hafa ekki leyfi til að framleiða Moltu til nýtingar.

Ákveðið var að MAST og SÍS tækju að sér að reyna að koma þessum málum í betri farveg, ræða beint við þá aðila (sveitarfélög og jarðgerðaraðila) sem um ræðir! Lúðvík er með yfirlit yfir þá sem er með starfsleyfi, það verði skoðað hvort þeir hafi rekstrarleyfi frá MAST. Lúðvík komi áfram upplýsingum til HES um fyrirtæki á þeirra svæði sem um ræðir og upplýsa um að rekstrarleyfi þurfi frá MAST til að geta selt og nýtt Moltuna. **Ábyrgðarmenn Halldór (Valgeir) og Lúðvík.**

- **Nýtingarákvæðin** - Ráðuneytin munu hittast fyrir næsta fund og því getur legið fyrir næsta fundi upplýsingar varðandi nýtingarákvæðin.

*Það kom fram á fundinum á ráðuneytin hafa ekki hittst og ekkert sé búið að ákveða, beðið er eftir tillögum hópsins.*

**Tillögur hópsins: Nýtingarákvæði 21-40 dagar fyrir moltu og áburðarmjöl frá endurvinnslustöðvum lífræns úrgangs með rekstrarleyfi frá MAST.**

**Skoða þarf hvernig beri að útfæra slíkar heimildir – MAST vill tengja við „rekstraröryggi“**

Skoða þarf rekstraröryggi þeirra stöðva sem eru í framleiðslu á moltu og áburðarmjöli? Eftirlitið og annað þarf að vera í lagi! Árið 2007 var reglugerðin sett, en allir aðilar þurfa að standa sig, bæði eftirlitsaðilar og framleiðendur. Átak MAST og HES þarf til. Skýra þarf ákvæði í starfsleyfum/reglugerð um kröfur til jarðgerðastöðva.

Fram kom að þær stöðvar sem þegar hafa þessi rekstarleyfi (einungis 2) eru í stöðugum rekstri og telja sig uppfylla þau skilyrði um rekstaröryggi sem MAST setur.

Andstaða frá einstökum bændum og sveitarfélögum um nýtingu á moltu/áburðarmjöli – spurt var hvort mætti setja inn umsagnarrétt frá Sveitarfélögum um hvort afurðir séu nýttar á þeirra svæði?

Vinna þarf gagnert að upplýsingagjöf fyrir efasemdarmenn og aðra um að afurð frá stöðum sem eru með rekstarleyfi og uppfylla skilyrði sé hæf til notkunar og beri ekki með sér smitsjúkdóma á borð við riðu.

- *Annað sem rætt var um:*

Gasvinnsla á lífrænum úrgangi, slík fjárfesting er háð því að hægt verði að nýta „slug“ frá vinnslunni án strangari takmarkana en 21-40 d. Því þarf að vera skýrar heimildir í reglugerð.

MAST er sammála því að endurvinnna beri meira af lífrænum úrgangi!

Heimaslátrun (ÓD) er í ólestri, MAST semji leyfisveitingu fyrir heimaslátrun þannig að hægt verði að ná betur utan um það sem kemur þaðan frá; MAST telur erfitt að ná utan um slíkt eftirlit. Eru

nú þegar í stórvandræðum með eftirlit með því sem þó er. Það þarf að breyta lögum til að

Stykkishólmsdómurinn hætti að virka. Auðvelt að ná utan um þetta með tengingu við

forðagæsluskra ofl. Hópurinn leggur til að þessum lögum verði breytt sem fyrst.

Spurt var: Er heimilt að grafa sjálfdauð heima á bæjum? Einfalt svar: Nei, sbr. lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003

IPA umsókn um 2 brennslugáma fyrir cat. 1 – búið er að senda inn umsókn, þarf að finna

rekstraraðila að gámunum, brennsla á áhættuvefjum, væri hægt að bjóða út?

Rekstrargrundvöllur?! 2-3 tonn pr. klst. Á sínum tíma var slökkvilið höfuðborgarsvæðisins tilbúnir í

að taka þetta að sér, eru vanir því að umgangast hættulegt efni. Slökkviliðið kom á sínum tíma að

miltisbrandi í Garðabæ, þeir eru.

*Næsti fundir: Mánudagur 17. Október kl. 10 -11.30*

Halldór Runólfsson lagði til að Valgeiri Bjarnasyni frá MAST verði boðið í hópinn. Hann hefur nú þegar fengið fundarboð.

## Meðferð og nýting sláturúrgangs - 8. Fundur,

### 17. Október 2011

Mætt: Sigríður Kristjánsdóttir, Bryndís Skúladóttir, Guðmundur Tryggvi, Halldór Runólfsson, Ólafur Dýrmundsson, Eiður Guðmundsson, Valgeir Bjarnason, Halldór Runólfsson.

Eftirfarandi var til umræðu á fundinum.

1. Nýtingarákvæðin
2. Staða mála vegna fræðslu fyrir almenning og fjölmiðla varðandi bein úr fullorðnu og brúnu tunnuna
3. Jarðgerðarstöðvar og rekstrarleyfi frá MAST

#### 1. Nýtingarákvæðin ofl.

Valgeir Bjarnason fór yfir stöðu mála varðandi innleiðingu á matvælalöggjöf ESB, að því er varðar Animal – by - products. Reglugerð 1774/2002 tekur gildi 1. nóvember, þar er tekið á dýraleifamálum sem ekki fara til mannelis. Tvær nýrri gerðir eru til, 1069/2009 og implementation reglugerð. Það virðist ekki vera hægt að innleiða strax 1069/2009 fyrr en 1774 hefur verið innleidd. Reglugerð nr. 108/2010 er íslensk reglugerð sem innleiðir 1774/2010. Allt nema dýraafurðir tók gildi 1. Mars 2010. Hverju breytir reglugerð 1069/2009 umfram 1774/2002. Halldór Runólfsson sagði að í henni væri betur skilgreindur upphafspunktur afurðar og endapunktur. Áhættuflokkar breytast ekki.

Heimilisúrgangur er í báðum reglugerðum tekin sér, og hrossatað, það sem að öllu jöfnu er talið hættulaust til nýtingar er tekið sér varðandi nýtingu og yfirvöldum heimilt að setja vægari skilyrði. Einnig eru ákvæði í 1069 að skylt sé að blanda efni í kjötmjöl sem gerir það óætt fyrir dýr. Varðandi hættulaust efni, þá geta yfirvöld sett reglur varðandi nýtingu

Remote area: Skoða þarf betur hvernig afskekkt byggð í urðunarreglugerð, og í reglugerð 1069/2009 tala saman. Afskekkt byggð í urðunarreglugerð, Hvar ætti að vera hægt að urða 1. og 2. flokk? Skoða þarf í samhengi við reglur sem gilda í reglugerðum um meðhöndlun úrgangs: Fundurinn samþykkti að MAST myndi ýta við Viktori að skoða.

Umræða fór fram um gildandi urðunarstaði og leyfi þeirra til að urða sláturúrgang, hvernig samræmist það markmiðum um að draga úr urðun lífræns úrgangs.

Varðandi nýtingarákvæðin, ráðuneytin munu hittast á fimmtudag varðandi gildistöku á nýtingarákvæðum.

#### 2. Staða mála vegna fræðslu fyrir almenning og fjölmiðla varðandi bein úr fullorðnu og brúnu tunnuna

Lúðvík telur að MAST ætti að hafa frumkvæði. Halldór samþykkti að MAST tæki að sér ritstjórn.

#### 3. Staða mála vegna jarðgerðastöðva sem ekki eru með rekstrarleyfi frá MAST

Lúðvík hefur verið í sambandi við HES til að áréttast að ef jarðgerðastöðvar eru starfræktar á móttökustöðvum þá séu þær rekstrarleyfis skyldar frá MAST ef ætlunin er að nyta moltuna í annað en yfirlag á urðunarstað. Um er að ræða tvöfalt kerfi, hugsanlegt umræðuefni á haustfundi en ekki náðist að setja það inn á haustfundinn í tíma.

Varðandi rekstur slíkra stöðva þá hefur MAST gefið út 2 formleg rekstrarleyfi á kjötmjöl og moltu. Nokkuð af gömlum áburðarskráningum sem eru í gangi. Allur lífrænn áburður er skráður, þ.e. sá áburður sem fer til afhendingar, fóðuráburður og sáðvara.

Í reglugerð 820/2007 segir að sá sem byggir jarðgerðarstöð skal sækja um rekstrarleyfi áður en starfsemi hefst.

Bryndís hefur verið í sambandi við Gámaþjónustan, upplýsingar sem þeir hafa fengið er að þeir þurfi ekki slíkt rekstarleyfi, þeir eru að vinna úr efni sem er hættulítið, þ.e. grænmeti, ávöxtum og hrossataði.

Sé heimilsúrgangur með, þá þarf að sækja um leyfi skv. aukaafurðalögum. Ef heimilsúrgangur, þá cat 3. Og fellur undir 820/2007. Eiður tók fram að hann telur að jarðgerðir hafi farið af stað í góðri trú. Það má gera undanþágur fyrir heimilisúrgang skv. EU-reglugerðinni, sbr. 4. Kafli liður 14, bls. 47, sé það tryggt að komið sé í veg fyrir dreifingu dýrasjúkdóma. Íslenska reglugerðin er skýr varðandi hvar eigi að flokka heimilsúrgang, þ.e. í cat 3. Það þarf að vera gott eftirlit með áburðinum, þ.e. örveruinnihald ofl.

Ólafur Dýrmundsson velti fyrir sér hvort hægt væri að ráða við svona eftirlit? Halldór tók fram að þessi málaflökkur þyrfti að vera betur mannaður, og það vantar mannafla til að ráða fólk til að fylgja þessum reglum eftir, en verið sé að sinna þessu eftir bestu getu. MAST fær ekki heimildir til að fjölga fólk. Mætti nýta HES í einhverskonar eftirlit? Halldór telur að svona málaflökkur (dreifing dýrasjúkdóma) þurfi að vera á forræði MAST en skoða þarf meiri samvinnu við HES.

Eiður tók fram að ástæða væri til að taka á því hvað reglugerðarumhverfið er óljóst varðandi endurvinnslu á lífrænum úrgangi. Það vantar skýrari ákvæði varðandi útfærslur á undanþágum, t.d. varðandi undanþágur frá meðhöndlun á heimilsúrgangi.

1774 tekur gildi 1. Nóvember, með reglugerð 108/2010. Ekkert sem breytist varðandi kjötmjöl, búið að skerpa á reglum varðandi gor og meltingarvegi í fóður (769/2010) Varðandi áburðarnýtingu þá breytist ekki mikið, heimildir og farvegir sömu og áður.

Reglugerð 820/2007 mun ekki detta úr gildi sbr. 108/2010. Hvað þýðir það fyrir reglugerðarumhverfið? Eitthvað úr 820/2007 hlýtur að detta upp fyrir, t.d. áhættuflokkar ofl. Þetta þarf að skýra og taka fyrir á ráðuneytisfundi. Hvenær verður 1069/2009 innleidd en hún inniheldur ýmis opnari ákvæði og er að einhverju leyti skýrari en 1774/2002. Það þarf að vera skýrt eftir. 1. nóvember þegar 1774/2002 tekur gildi sem og breytingar á 820/2007, hvað gildi um nýtingu á áburðarmjöli og moltu frá endurvinnslustöðum lífræns úrgangs og hver biðtíminn á að vera. Tillaga hópsins frá 7. Fundi: **Nýtingarákvæði 21-40 daga biðtími fyrir moltu og áburðarmjöl frá endurvinnslustöðvum lífræns úrgangs með rekstarleyfi frá MAST.**

MAST setur fyrirvara um að rekstaröryggi sé náð hjá þessum stöðum.

Rekstaröryggi staða er t.d. háð yfirlýsingum frá sláturleyfishöfum. MAST hefur samþykkt að bílstjóri skrifi undir pappíra um að farmurinn sé í lagi. Sá sem skrifar upp á skírteini, ber ábyrgð á farminum. Ábyrgðin ætti þó að koma frá upprunastað. MAST mun sjá til þess að þessar reglur breytist.

Unnið hefur verið að því að laga ferla sem hópurinn samþykkti varðandi fullorðið fé. Þeir ferlar ganga ágætlega skv. upplýsingum frá MAST. Partur af innra eftirliti að fullorðið fé fari ekki út úr sláturhúsi án þess að kljúfa hrygg og hreinsa út mænu.

Bryndís Skúladóttir velti fyrir sér hvort sömu reglur þurfi að gilda um stórar endurvinnslustöðvar og litlar jarðgerðarstöðvar sem vinna eingöngu úr heimilsúrgangi. Slíkar stöðvar fá með innleiðingu 1774/2002 minni kröfur varðandi tæknilegar útfærslur (sbr. liður 14, bls. 47). Má mæta markmiðum með öðrum tæknilegum lausnum?

Hins vegar er vandamálið áfram t.d. hryggur frá fullorðnu fé sem fer í almennan heimilisúrgang. Sem og úrgangur frá heimaslátrun. Slíkur úrgangur gæti borist í minni jarðgerðastöðvar.

Þarf að fara fram áhættumat og meta tæknilegar útfærslur út frá því, s.s. hitastig og þessháttar Eins með örverumælingur ofl.

Hvað gerist með lífrænan úrgang hjá sveitarfélögum sem ekki hafa fjármagn til að reka litlar stöðvar.

Stór gas og jarðgerðastöð, slíkt verkefni kemst ekki áfram fyrr en ljóst er að hvað megi gera við afurðirnar.

Fræðsla varðandi heimaslátrun að úrgangur fari í réttan farvegi. Þarf að rjúfa smithringinn.

Landgræðsla/skógrækt, er hægt að stýra þessu verkefni af hálfu yfirvalda þannig að t.d. landgræðsla taki ákv. hlutfall af moltu/áburðarmjöl. Eins og staðan er núna er hætt við því að Sveitarfélög sitji upp með afurð sem ekki má nýta og enginn vill borga fyrir. Ríkisvald þurfi að koma að borðinu og taka sína ábyrgð líka. Snýst um að rjúfa hringrásina.

### **Framhaldið:**

Fundur með jarðgerðastöðvum, boða þarf til sérfundar með þeim aðilum; Lúðvík vill ræða betur við HES um þetta mál og fylgja því eftir. Í frh. boða til fundar með jarðgerðastöðum, MAST og Sl. Lúðvík ábyrgðamaður.

Valgeir: Skoða mál varðandi annan lífrænan úrgang s.s. fiskúrgang, margt að gerast í þeim málum, bann við losun í sjó, fráveitur og þh.

Framhald af vinnu hópsins ræðst af þróun mála varðandi nýtingaákvæðin

Fræðsluverkefni heldur áfram

Komast til botns með heimilisúrganginn,

## **Punktur vegna fundar UMH og SLR um nýtingu sláturúrgangs**

Í framhaldi af fundi fulltrúa umhverfisráðuneytis og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis hinn 24. febrúar sl. funduðu fulltrúar SLR, UMH, MAST og UST í umhverfisráðuneytinu 28. febrúar. Þar var rætt um að UST og MAST myndu setja fram verkferli varðandi flokkun og nýtingu sláturúrgangi og meta áhættu. Rætt var um hvað þyrfti að gera þannig að hægt væri að framfylgja kröfum um nýtingu sláturúrgangs á raunhæfan hátt og að sett yrðu tímamörk til að vinna er eftir.

Í framhaldi af þessu mynduðu UST og MAST samstarfshóp og hafa fundað átta sinnum ásamt hagsmunaaðilum, m.a. frá Samb. ísl. sveitarfélaga, endurvinnsluaðilum lífræns úrgangs, sláturleyfishöfum og Bændasamtökunum. Eftir að hópurinn sendi frá sér niðurstöðu þessa samráðs um að nýtingarákvæði yrði 21 til 40 dagar fyrir moltu og áburðarmjöl frá endurvinnslustöðvum lífræns úrgangs með rekstrarleyfi frá MAST og UMH setti þær fram í tillögur komu fram ábendingar frá Halldóri Runólfssyni, yfirdýralækni hjá MAST.

Því var kallað til fundar í ráðuneytinu 26. október 2011 þar sem mættu UMH (SSæm og KI), SLR (Ása Þórðardóttir) og MAST (Halldór Runólfsson og Valgeir Bjarnason) og farið yfir málin.

SLR hefur framlengt ákvæði reglugerðarinnar varðandi dagafjöldann til 1. janúar 2012.

MAST (Halldór) setti fram eftirfarandi áhersluatriði:

1. Við 9. gr. reglugerðar 820/2007 verði bætt við texta sem geri kröfu um að allir sem ætla að kaupa og nota kjötmjöl og moltu frá fyrirtækjum með fullt starfsleyfi og rekstrarleyfi - verði að hafa leyfi frá MAST til að kaupa slíka vöru.
2. Þetta teljum við nauðsynlegt til að tryggja að hægt verði að fylgjast með notkuninni.  
2. Að það verði að líða a.m.k. einn vetur frá dreifingu á slíkri vöru - þar til að fódurs er aflað af tünnum eða þau séu beitt. Þetta er hugsað til að tryggja eins og hægt er að efnin séu búin að brotna eitthvað niður og komast niður í jarðvegin. Þetta er alls ekki nægjanlegt til að riðusmítefnið (ef það væri til staðar) hafi eyðilagst - en ætti samt að hjálpa til við að koma í veg fyrir að efnin enduðu ofan í dýrunum með beit

3. Að ákvæði upp úr ESB reglugerð 1069/2009 sem við munum þurfa að innleiða fyrr en síðar verði strax sett inn í ísl. reglugerð. Vísa til 32 (1)(d) greinar reglugerðar 1069 og 3. lið 1. lotu II kafla, XI viðauka 142/2011 Kjötmjöl, sem ætlað er sem áburður og unnið úr áhættuflokki 2 skal blanda með nægu magni af viðurkenndum efnum, sem hindra að það sé notað sem fóður. Efnin skulu viðurkennd af Matvælastofnun. Blöndunin skal fara fram í framleiðsluverksmiðju mjölsins. Þessi efni geta verið, kalk, húsdýraáburður, húsdýraþvag, molta eða leyfar frá lífgasframleiðslu eða önnur efni t.d. ólífrænn áburður sem eru óæt og fyrirbyggja nýtingu kjötmjölsins í fóður. Þessi efni skulu hæfa loftslagi og jarðvegi til notkunnar sem áburður og tryggja að blandan verði með öllu óæt fyrir dýr eða hindra með öðrum hætti alla notkun mjölsins í fóður. Gera skal lista yfir viðurkennd efni til notkunnar í þessum tilgangi."

Niðurstaða fundarins er að sett verði tímamörk um hvenær þeir sem framleiða moltu og kjötmjöl megi afhenda vöruna, tímamörk frá dreifingu þar til að land er beitt (t.d. einn vetur), kjötmjöl verði blandað efni þannig að það verði óætt og að ákvæði verði sett um skráningu. Skoða þarf rekstrarleyfi MAST og hvaða skilyrði það verður bundið. UMH(KI) heldur áfram að setja fram drög að breytingu á reglugerðinni og sendir MAST (Halldóri) og UST (Sigríði) til skoðunar. UMH og SLR verða í sambandi og gengið verður frá skilyrðum í samstarfi þessara aðila.

## Meðferð og nýting sláturúrgangs – 9. Fundur,

### 7. nóvember

Mætt, Bryndís, Eiður, Valgeir, Halldór, Ólafur, Guðmundur Tryggvi, Lúðvík, Helgi, Sigga

1. Fundargerðin
2. Nýtingarákvæðin og ný reglugerð

### 1. Umræða um fundargerð 9. Fundar,

farið var yfir fundargerðina og nokkrir punktar lagaðir, ný fundargerð verður send út með næstu fundargerð

### 2. Nýtingarákvæðin og ný reglugerð

Áður en umræður hófust lagði Lúðvík E Gústafsson fram eftirfarandi bókun

1. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa á síðastliðnu ári setið 8 fundi ásamt öðrum hagsmunaaðilum til að vinna að sameiginlegum tillögum um nýtingu lífræns úrgangs. Fulltrúar sambandsins töldu að náðst hefði samkomulag um ásættanlega kröfu til nýtingar á fullnum afurðum jarðgerðarstöðva og kjötmjölsvinnslu. Því mótmæla þeir harðlega tillögum MAST sem fram hafa komið á fundi umhverfisráðuneytisins og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins og ekki hafa verið ræddar í samráðshópnum áður.
2. Fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga telja að það sé með öllu óásættanlegt að nú séu komnar fram tillögur sem ekki hafa fengið umfjöllun í samráðshópnum. Einnig er rökstuðningi og skýringum fyrir framkomnum tillögum verulega ábótavant. Þess vegna hafna fulltrúar sambandsins þessum tillögum og fara fram á að þær verði dregnar til baka og að ofangreint samkomulag fái að standa óhaggað. Ef samráðshópurinn hyggst breyta þessu samkomulagi krefjast fulltrúar sambandsins að unnið verði áhættumat og kostnaðargreiningu vegna þeirra breytinga.

Tillaga hópsins var 21-40 dagar sbr. fundargerð 7 og 8, engar athugasemdir bárust við þær fundargerðir og var miðað við að þessi nýtingarákvæði ættu við um moltu og kjötmjöl frá endurvinnslustöðvum með starfsleyfi.

Halldór Runólfsson tók fram að hann hafi aldrei verið samþykktur 21-40 degi. Riðusmítefni hefur ekki brotnað niður á 21 degi, það sé nauðsynlegt að tryggja baklandið fyrir því að efnið berist ekki í jarðgerðarstöðvar.

Skv. Tillögu hópsins átti rekstarleyfi frá MAST átti að tryggja að afurðin frá þeim stöðvum væru hæfar sem áburður. Lúðvík áréttaði að nauðsynlegt sé að gera áhættumat sem sýnir fram á að hætta sé til staðar.

Halldór tók fram að hann hafi aldrei sætt sig við 21 dag en það þarf að finna ásættanlegar lausnir. Til eru vísindagreinar sem styðja 10 ára biðtíma fyrir riðusmítefni. Um er að ræða umdeilda afurð. MAST þarf að geta svarað fyrir að þetta sé óhætt til nýtingar. MAST er sammála þeirri áherslu að lífrænn úrgangur þurfi að komast aftur til jarðarinnar. En það má ekki gera án varúðarráðstafana. MAST samþykkir nýtingu í landgræðsla og skógrækt, en þessi afurð virðist ekki vera vinsæll áburður þar. Það eru sett spurningamerki við hvort þetta sé óhætt til nýtingar og aðilarnir vilja lítið borga fyrir efnið.

Rætt var um nauðsyn þess að gera kostnaðargreiningu á því hvað þetta kostar fyrir sveitarfélögin, þ.e. að draga úr urðun á lífrænum úrgangi og beina úrganginum í endurvinnslufarveg

GTO tók fram að það þurfi að vera skýr farvegur fyrir afurðina. Afurðastöðvarnar vilja geta selt vöruna sína, hún hafi virði. Það þurfa að vera skýrar reglur um hvernig megi nýta moltuna, neikvæð umræða

í gangi veldur því að fólk treystir ekki þessum afurðum. MAST þarf að geta gefið út heilbrigðisvottorð fyrir þessar afurðir.

MAST hefur enn áhyggjur af rekstaröryggi stöðvanna!

Helgi tók fram að eftirlit í sláturhúsum er orðið það gott að úrgangur frá sláturhúsum ætti ekki að innihalda áhættuvefi – hinsvegar er ljóst breyta þurfi reglugerð á þann hátt að sláturhússtjóri skuli kvitta upp á þann úrgang sem kemur frá sláturhúsum. Helsta áhættan um að riðusmitefni berist í afurðirnar er við jarðgerð heimilsúgangs úr dreifðum byggðum. Þá áhættu þarf að meta. Er þetta ásættanleg áhætta?

Hér tók Halldór fram að fræðsluferli sem MAST og S'IS ætla að vinna varðandi mögulegt riðusmitefni í brúnu tunnurnar gætu hjálpað til hér.

Eiður tók saman það sem komið hefur úr vinnunni á fundunum hjá hópnum. MAST var búið að gefa út að leki frá sláturhúsum væri viðráðanlegur með nýjum ferlum. Þessar nýju tillögur frá MAST eru settar fram án samráðs við SÍS og Samtök sláturleyfishafa. Tók fram að endurvinnslustöðvar vilja ekki einhverjar tilslakanir sem geta valdið mengun.

Valgeir: ákvæði um 21 dag er grunnkrafa í EU, gildir jafnt á Spáni sem og Norður Finnörku, mism hvernig löndin útfæra. Danir banna notkun kjötmjöls og moltu sem áburður á land til fóðurframleiðslu. Svíar eru með ákvæði um 1 vetur. Þessar afurðir eru bannaðar sem fóður fyrir dýr til matvælaframleiðslu. Það þarf að tryggja fyrst og fremst að það gerist ekki. Tryggja þarf að þetta sé komið niður í jörðina þannig að dýr til matvælaframleiðslu borði þetta örugglega ekki. Kjötmjöl og Molta eiga ekki að vera fóður fyrir dýr til matvælaframleiðslu. Áhættumat í EU er grundvöllur fyrir ákvörðun um 21 dag. Þarf að taka tillit til aðstæðna á norðlægum slóðum. Valgeir skoðar hvort hann getur fundið áhættumöt frá t.d DK og SE.

Bryndís: Er í tímavél, kom að vinnu varðandi reglugerð sem var sett 2007. Áhættugreining verði gerð, hvaða aðili ætti að koma að slíkri greiningu? er hægt að gera samantekt á hvað gildi í löndunum í kringum okkur.

GTO: Í orkustöð er unnið með sláturúrgang úr 3. Flokki, einugis meltingarvegur úr 2. Flokki, stefnt að því næsta vor að þetta verður eingöngu 3. Flokkur. Áhætta fer líka eftir tækni og aðferð sem notuð er við dreifinguna, væri hægt að gera skilyrði um hvernig moltunni/kjötmjöli er dreift? Setja slík ákvæði inn í reglugerðina. Gott ef framleiðendum er tryggt ásættanlegt verð fyrir sínar afurðir, t.d til landgræðslu og skógræktar, þar er nú þegar peningar settir í áburð.

LEG: Fyrri liður í bókunni, þarf að vera einn vettvangur til að ræða þessi mál. Þarf að vera samvinna. Til hvers er þessi hópur ef ekki til að ræða breytingar á reglugerðinni. Ef finna á lausnir þarf að vinna saman í þessum hóp. Þarf að upplýsa hópinn um stöðuna.

HJ: Lagði til að óskað væri eftir því að ráðuneytin sendi sínar tillögur til umræðu til fulltrúa í hópnum. Spurt var hvort tillögur sem komu fram í fundargerð frá fundi ráðuneyta til umræðu, eða samþykktar? Þetta er ekki ljóst.

Bryndís – það þarf að koma fram skrifleg greinargerð á bak við tillögurnar sem hafa verið settar fram.

Ólafur D: Bændur vilja gjarna nota þessar afurðir vegna hækkunar á áburðarverði þa' hafa bændur verið að leita að öðrum möguleikum. Notkun í gróðurhúsum, almennt. Akuryrkja, ekki búfé, t.d. kálakrar, að áburðurinn sé plægður niður. Þar sem um er að ræða tún/bithagi, þá er til bóta að láta líða vetur, minnka líkur á að dýr taki þetta upp. Setja upp ýtarlegri reglur, þ.e tilltaka mismunandi notkunarmöguleika. Þarf að vera hægt að koma í veg fyrir að þetta sé nota' sem fóður. Eftirlitið með þessu þarf að vera gott og spurning hvort það sé viðráðanlegt?

HR – þarf meira fjármagn og meiri mannskap, ekki auðvelt að ráða við, erum að gera okkar besta.

Bryndís – nauðsynlegt að gerð sé samantekt og áhættumat, hver er ásættanleg áhætta. Hver á að gera slíkt áhættumat?

LEG – heimaslátrun – mesta áhættan, það er hægt að magngreina vandamálið. Hvert fer heimaslátrunarúrgangurinn.

HJ: Íbætiefni fyrir kjötmjöl, ekki moltu. Nákvæmlega hversu gott eftirlitið er, alltaf einhver sem brýtur reglurnar, ekki rétt nálgun. Hægt sé að treysta þeim

Halldór – taka til greina að það væru ákv. svæði á landinu sem fengju ekki að nota slík efni. Það er auðvelt að vita um meirihlutann af heimaslátrun út frá gögnum MAST og hvað verður um úrganginn.

### **Næstu skref:**

MAST er falið að koma fram með ýtarlegri greinargerð og rökstuðning á bak við tillögur, einnig að fá upplýsingar um hvernig þessu er háttað í löndunum í kring, t.d. hjá Norðanmönnum.

Þegar næstu drög að reglugerð koma úr ráðuneyti þarf að hafa samráð við vinnuhópinn